Námsefni **Fjármálalæsi Haustönn 2026** 9-10. bekkur WS --- **Kennsla:** Nemendur kynnast þróun peninga frá vöruskiptum og fyrstu gjaldmiðlum yfir í myntir, seðla, banka og rafræna greiðslumiðla. Fjallað er um hvernig lán, vextir og bankastarfsemi hafa þróast í gegnum söguna og hvernig samfélagslegar og trúarlegar hugmyndir hafa haft áhrif á fjármálakerfi. Nemendur öðlast grunnskilning á verðbólgu og kaupmætti og skoða söguleg dæmi um óðaverðbólgu. Í síðari hluta lotunnar færist áherslan yfir á persónuleg fjármál. Nemendur vinna með tekjur, skatta, útgjöld, sparnað, lífeyri og fjárhagsáætlanir og takast á við óvæntar	**Hæfniviðmið** **Fjármál og samfélag** Stefnt er að því að nemandi geti: - útskýrt með eigin orðum hvers vegna peningar og gjaldmiðlar hafa þróast, - gert grein fyrir helstu kostum og göllum vöruskipta, - nefnt dæmi um mismunandi form peninga og gjaldmiðla í gegnum söguna, - útskýrt hvers vegna traust skiptir máli fyrir virkni gjaldmiðils, - gert grein fyrir helstu hlutverkum banka í samfélaginu, - útskýrt hugtökin lán, innlán, vextir og höfuðstóll, - gert grein fyrir því hvernig lán og vextir hafa komið við sögu í mismunandi samfélögum, - tekið þátt í umræðu um tengsl peninga, banka, samfélags og sögu. **Verðbólga og efnahagskerfi** Stefnt er að því að nemandi geti: - útskýrt hugtökin verðbólga og kaupmáttur, - lýst því hvernig verðbólga getur haft áhrif á einstaklinga og samfélög, - útskýrt einföld tengsl milli peningamagns, framboðs, eftirspurnar og verðlags, - skoðað og kynnt sögulegt dæmi um mikla verðbólgu eða óðaverðbólgu, - greint á milli verðhækkunar á einstökum vörum og almennrar verðbólgu, - tekið þátt í umræðu um hver stjórnar útgáfu peninga og hvaða afleiðingar breytingar á peningamagni geta haft. **Persónuleg fjármál** Stefnt er að því að nemandi geti:

fjárhagslegar aðstæður. Nemendur hanna jafnframt eigin gjaldmiðil og velta fyrir sér spurningum um verðmæti, traust og peningamagn.	- greint á milli tekna og útgjalda, - greint á milli brúttólauna og nettólauna, - útskýrt á einfaldan hátt hlutverk skatta og hvað skattfé er notað í, - gert einfalda fjárhagsáætlun fyrir einstakling, - greint á milli nauðsynlegra útgjalda, valkvæðra útgjalda og óvæntra útgjalda, - útskýrt mikilvægi sparnaðar og fjárhagslegs svigrúms, - útskýrt hvað lífeyrissjóður er og hvert hlutverk lífeyrissparnaðar er, - metið kosti og galla þess að taka lán við mismunandi aðstæður, - útskýrt muninn á vöxtum sem greiddir eru af láni og vöxtum sem fást af sparnaði, - tekið upplýstar ákvarðanir í einföldum dæmum úr daglegu fjármálalífi. **Stærðfræði og útreikningar** Lotan styður jafnframt við hæfni nemenda til að: - reikna einfaldar prósentur, - reikna einfalda vexti, - leggja saman tekjur og útgjöld, - reikna afgang eða halla í fjárhagsáætlun, - vinna með raunhæfar fjárhagslegar upplýsingar, - nota reiknivél og aðrar hjálparleiðir á markvissan hátt, - túlka tölulegar upplýsingar og útskýra niðurstöður með eigin orðum. **Vinnulag** Í lotunni er unnið með blöndu af: - sögulegri frásögn og umræðum, - einstaklings- og hópverkefnum, - verklegum leikjum og hermiverkefnum,

	- hönnun eigin gjaldmiðils, - fjárhagsáætlun fyrir ímyndaða persónu, - teningaverkefni með óvæntum fjárhagslegum atburðum, - glærukynningu um óðaverðbólgu, - útreikningum og verkefnum í aðalkennslubók. --- **Námsmat** Verkefnaskil og vinna í aðalkennslubók. Hópverkefni og glærukynning um óðaverðbólgu. Fjárhagsáætlun og verkefni tengd persónulegum fjármálum. Stöðumat og lokapróf. Þátttaka og frumkvæði í tímum. Áhugi, skilningur og hæfni til að rökstyðja fjárhagslegar ákvarðanir.